

Ráðleggingar Barnaspítala Hringins varðandi börn og unglunga

útg. 6. október 2020

Veiran sem veldur COVID-19 sjúkdómi heldur áfram að breiðast út um heiminn og smit komin upp á ný á Íslandi. Foreldrar hafa töluvert leitað til Barnaspítala Hringins um upplýsingar um viðbrögð vegna barna og unglunga. Við leggjum, sem áður, áherslu á að nota almenna skynsemi við ákvarðanir, láta óttann ekki ná tökum á okkur og fara að ráðleggingum sóttvarnalæknis. Við leggjum áherslu á vandaða umfjöllun um sýkingar af völdum veirunnar og varast að vekja óþarfa ótta hjá börnum og unglungum. Barnaspítali Hringins bendir á eftirfarandi: – COVID-19 veldur oftast hita, hálssærindum, hósta, höfuðverkjum og beinverkjum en þessi einkenni eru svipuð og við árlega influensu. COVID-19 getur valdið alvarlegum sýkingum, einkum hjá öldruðum og einstaklingum sem eru með alvarlega sjúkdóma (ss alvarlega ónæmisgalla, hjarta- og lungnasjúkdóma) eða á sterkri ónæmisbælandi meðferð. Þessir undirliggjandi þættir auka þó ekki líkur á smiti. – Athyglisvert er að COVID-19 virðist ekki leggjast eins þungt á börn og hina fullorðnu og þrátt fyrir að börn hafi smitast hér á landi voru afar fá sem veiktust mikið og ekkert barn hefur þurft innlögn á Barnaspítalann. – **Á meðan COVID-19 hefur ekki greinst í skóla, leikskóla eða tómstundastarfi barnsins/unglingsins þíns teljum við ekki nauðsynlegt að halda barninu/unglingnum heima.** Skólarnir og leikskólarnir halda uppi ágætu hreinlæti eftir því sem kostur er og barnið/unglingurinn fer að sjálfsögðu eftir þeim leiðbeiningum. – Greinist COVID-19 í skóla, leikskóla eða tómstundastarfi barnsins/unglingsins skal fara að þeim ráðleggingum/tilmælum Sóttvarnarlæknis sem í gildi eru á hverjum tíma. Um börn með mildari sjúkdóma gilda almennt sömu reglur og um önnur börn. – Rétt er að ítreka við börn handþvott og hreinlæti. Þá er ágætt að forðast faðmlög og kossa utan heimilis! – Á heimilinu gilda almennar hreinlætisreglur sem fyrr og ekki ástæða til að hætta að knúsa krakkana – nema veikindi séu til staðar. Börn í sérstökum áhættuhópum – Mögulegt er að sum börn þoli COVID-19 sýkingu verr en önnur börn. Þess vegna er hér leitast við að skilgreina betur hvaða sjúkdómar auka hættuna á alvarlegum einkennum.

Börn með tegund 1 sykursýki teljast ekki í aukinni áhættu vegna COVID-19, mikilvægt með góða blóðsykurstjórnun eins og í öðrum veikindum.

Langlíklegast er að að börn sem smitist af COVID-19 sýni einungis væg einkenni en þegar eftirtaldir sjúkdómar eru til staðar gætu einkenni sýkingar orðið meiri og alvarlegri.

Langvinnir lungnasjúkdómar, og þá sérstaklega:

- **Slímseigjusjúkdómur** (cystic fibrosis)
- **Langvinnur lungnasjúkdómur í kjölfar fyrirburafæðingar**
- **Primary ciliary dyskinesia**
- **Ákveðnir meðfæddir gallar á lungnavef**

Alvarlegir hjartasjúkdómar, og þá sérstaklega:

- **Hjartabilun** sem krefst lyfjameðferðar;
- **Blámahjartagallar** með marktækt lækkaðri súrefnismettun (að staðaldri <90%)
- **Hjartagallar** sem þrátt fyrir aðgerð valda umtalsverðri skerðingu á úthaldi (sérstaklega **Fontan/TCPC** aðgerð)
- **Alvarlegur lungnaháþrýstingur**

Líffæraþegar (hjarta, lifur, nýru). Fyrstu 6 mánuðina eftir ígræðslu ef meðferð gengur samkvæmt áætlun.

Alvarlegir langvinnir taugasjúkdómar, og þá sérstaklega:

- **Illvíg flogaveiki** (með tíðum flogum);

- **Vöðva-, tauga- eða efnaskiptasjúkdómar sem hafa áhrif á lungnastarfsemi**

Í flestum tilfellum er óhætt fyrir börn að sækja skóla, leikskóla og tómstundastarf þrátt fyrir að vera með ofannefnda áhættuþætti. – Leiki grunur á að barnið/unglingurinn hafi smitast af COVID-19 á ekki að leita á bráðamóttöku Barnaspítala Hringins, heilsugæslu eða aðrar móttökur heldur hringja í símanúmer 1700 og fá ráðleggingar um næstu skref.